

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

34. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi þann 08.06.2015 og hófst kl. 21:00.

Mætt voru:

Atli Sveinn Svansson, Jón Oddsson, Halldór Jónsson, Sif Matthíasdóttir, Guðrún Karólína Reynisdóttir, Hilmar Hallvarðsson og Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi sem einnig ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

- 1. Erindi dags. 22.05.2015 frá Pétri Kristinssynim Aðalgötu 24, 340 Stykkishólmi.**
Sótt er um leyfi til að staðsetja ca. 12,5 m² vinnuskúr á landspildu Kljá 2 úr landi Kljár.
Samþykkt.
- 2. Erindi frá Fimm fiskum ehf, kt. 561100-2090, Tjarnarási 17, 340 Stykkishólmi.**
Daði Jóhannesson f.h. Sýslumannsins á Vesturlandi óskar umsagnar um leyfi fyrir rekstri gistiheimilis á Þingvöllum, en fyrir nokkrum árum var rekin heimagisting í húsinu.
Nefndin gefur jákvæða umsögn með veitingu leyfisins.
Hilmar Hallvarðsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.
- 3. Erindi frá Eyjólfí Gísla Garðarssyni og Hrefnu Birkisdóttur á Vegamótum.**
Sótt er um tímabundið stöðuleyfi fyrir starfsmannahúsi á lóð Vegamóta, en húsið yrði sett niður á steypa sökklá. Með erindinu fylgdu teikningar frá Sæmundi Á. Óskarssyni hjá TSÓ tækniþjónustu.
Samþykkt að veita tímabundið stöðuleyfi ásamt gerð sökklá undir húsið.
- 4. Fyrirspurn frá Elínu Guðrúnu Gunnlaugsdóttur hjá Egg arkitektum ehf, Tjarnargötu 10, 101 Reykjavík f.h. Karls V. Matthíassonar og Sesselju Bjarkar Guðmundsdóttur.**
Spurst er fyrir um afstöðu nefndarinnar fyrir veitingu byggingarleyfis fyrir u.þ.b. 165 m² steinsteypu heilsárshúsi að Stórákróki nr. 7 í landi Miðhrauns.
Nefndin telur að endurskoða þurfi deiliskipulag svæðisins og að afgreiðsla byggingarleyfis fyrir húsi að þeirri stærð og gerð sem hér um ræðir, þurfi að taka mið af slíkri breytingu.
- 5. Erindi frá Eggert Kjartanssyni, Hofsstöðum f.h. Múlavirkjunar ehf.**
Sótt er um breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Múlavirkjun sem samþykkt var af sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps þann 6.10.2003 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 19.2.2004. Með erindinu fylgdi deiliskipulagstillaga ásamt greinargerð unnin af Alta ehf, Ármúla 32, 108 Reykjavík.
Ekki eru fyrirhugaðar neinar verklegar framkvæmdir vegna Múlavirkjunar í tengslum við skipulagsbreytinguna.
Nefndin samþykkir að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Múlavirkjunar í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Sif Matthíasdóttir sat hjá við afgreiðslu málsins.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

6. Erindi frá Svani Guðmundssyni, Dalsmynni.

Sótt er um leyfi fyrir gámi.

Samþykkt.

7. Fyrirspurn frá Auðunni Óskarssyni, Rauðkollsstöðum.

Spurst er fyrir um afstöðu nefndarinnar fyrir veitingu byggingarleyfis fyrir sumarhúsi í landi Rauðkollsstaða. Með erindinu fylgdi skissuteikning af fyrirhuguðu húsi.

Nefndin tekur jákvætt í erindið en óskar eftir frekari teikningum til að hægt sé að taka endanlega afstöðu til málsins.

8. Til kynningar:

Bréf dags. 29.05.2015 frá Umhverfisstofnun er varðar auglýsingar meðfram vegum og utan þéttbýlis. Með bréfinu er Umhverfisstofnun að vekja athygli á því að í gildi eru lög og reglugerð sem varða skilti utan þéttbýlis.

Lagt fram.

9. Önnur mál:

Engin mál voru tekin fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 23.05.